



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 30. mars 2012

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 466. mál.

Lagaumhverfi sela hefur lengi verið óviðunandi og hafa engin heildarlög um vernd og veiðar sela verið sett. Samtök náttúrustofa (SNS) fagna því þessari viðleitni til að færa lagaumhverfi sela til nútímans og fella þá undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (villidýralög). Áður hefur verið reynt að breyta lagaumhverfinu, t.d. þegar núgildandi villidýralög voru sett, en þá voru ákvæði um seli tekin út á síðustu stundu. Af þeim sökum gilda svo að heita engin lög um vernd sela eða stjórnun á selveiðum. Það er brot á Bernarsamningnum, sem Ísland er aðili að.

SNS vill benda á að um þessar mundir vinnur nefnd umhverfisráðherra, undir formennsku Menju von Schmalensee starfsmanns Náttúrustofu Vesturlands, að heildarúttekt á lagalegu og stjórnsýslulegu umhverfi villtra fugla og villtra spendýra, þar á meðal sjávarspendýra. Búist er við að þeirri vinnu ljúki nú á vormánuðum, en í úttekt nefndarinnar verður að finna ítarlega umfjöllun um seli.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að rostungur sé selur en hið rétta er að rostungur er hreifadýr (Pinnipedia) eins og selir (Phocidae) en er ekki selur, heldur tilheyrir þeirri ætt hreifadýra sem nefnist Odobenidae. Skv. núgildandi villidýralögum er rostungur friðaður ólíkt selunum og er því rangt að hann megi veiða eins og fram kemur í greinargerðinni. Rostungur er strangfriðaður samkvæmt Bernarsamningnum.

Samkvæmt frumvarpinu verða veiðar á farselum sem flækjast inn í íslenska lögsögu bannaðar. Um er að ræða stóra stofna, sérstaklega vöðusels og hringanára, sem eru talsvert nytjaðir á Grænlandi. Hér flækjast þeir stöku sinnum í net en eru líklega lítið veiddir að ásettu ráði. Þó hafa blöðruselir eitthvað verið veiddir, t.d. á Skjálfandaflóa. A.m.k. hluti þeirra veiða hefur verið vegna þess að þeir séu taldir valda tjóni en einnig hafa þeir að einhverju leyti verið nýttir, t.d. til rannsókna. Það er því ekki rétt sem kemur fram í greinargerðinni blöðruselir hafi ekki verið veiddir hér síðustu áratugi.

Samtök náttúrustofa telja æskilegt að skoða málefni sela við Ísland í samhengi við heildar endurskoðun villidýralaganna að lokinni vinnu nefndar umhverfisráðherra. Þá skuli taka afstöðu til þess hvort æskilegt eða nauðsynlegt sé að farselir njóti verndunar umfram íslenska seli og hversu langt skuli ganga í slíkri friðun. Því leggja Samtökin til að ákvæðið um friðun farsela verði fellt út úr 3. grein frumvarpsins.

Samtök náttúrustofa styðja að sett verði í lög ákvæði um vernd sela og að þeir verði felldir undir villidýralögin, enda virðist stofnþróun íslensku tegundanna hafa verið fremur neikvæð um langt skeið. Nánar þarf þó að útfæra vernd selalátra og annarra mögulegra verndarsvæða fyrir seli.

Virðingarfyllst f.h. Samtaka náttúrustofa,

Ingvar A. Sigurðsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands